

Sp.

437. Tillaga til þingsályktunar

[209. mál]

um eldvarnir í opinberum byggingum.

Flm.: Helgi Seljan, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja áætlun um eldvarnir í opinberum byggingum hér á landi. Í þeirri áætlun skal verkefnum raðað í forgangsörð, svo sem frekast er kostur, jafnframt því sem gerð verði grein fyrir áætluðum kostnaði.

Ríkisstjórnin skal láta ljúka áætlun um þessi verkefni í tæka tíð svo að unnt verði að taka mið af henni við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir árið 1987.

G r e i n a r g e r ð .

Tillaga þessi er flutt til að vekja enn frekari athygli á miklu vandamáli og um leið ýta sem best á eftir því að raunhæfar aðgerðir fylgi í kjölfarið. Alþingi getur ekki látið sem ekkert sé þegar því er beinlínis haldið fram að fjárveitingavaldið hafi árum saman ýtt til hliðar brýnum verkefnum eins og eldvörnum í opinberum byggingum. Skylda þingsins er að breyta þessum málum, ríkisstjórnar að vinna skipulega áætlun um viðamikilið verkefni og í kjölfarið þarf að veita nauðsynlegt fé til þess að vinna brýnustu verkefni og halda verkinu svo fram að viðunandi lausn fáið sem fyrst.

Ekki er þörf á því nú að rekja þetta mál ítarlega í greinargerð, svo mjög sem það hefur verið til umræðu að undanförmu. Ljóst er að hörmulegur atburður á Kópavogshæli í þessum mánuði hefur orðið til þess að vekja menn til umhugsunar og ýta við mörgum mannum í þessum efnum. Ber þar hæst víðtæka söfnun Kiwanismanna til eldvarna á Kópavogshælinu, — sem ber að meta sérstaklega og þakka. Um leið verður ekki hjá því komist að benda rækilega á það að eldvarnir eru því miður í megnasta ólagi í mörgum opinberum stofnunum.

Í þessari tillögu er gert ráð fyrir framkvæmdaáætlun um eldvarnir í opinberum byggingum. Eðlilegt er að ríkisstjórnin ákveði hverjir annast skuli gerð áætlunarinnar. Þar hlýtur að verða að kalla til fulltrúa Brunamálastofnunar, Innkaupastofnunar ríkisins, tryggingafélaganna og fleiri aðila auk þeirra fagráðuneyta sem fara með málefni einstakra stofnana. Sérstök áhersla er lögð á að áætlunin verði tilbúin tímanlega fyrir gerð næstu fjárlaga.